

SAMTÖK SJÁVARÚTVEGSSVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. júlí 2013

1307013SA VRH
Málalykill: 565

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld, 15. mál.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga ítreka þá kröfu sem sett var fram í umsögn um frv. til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða 570. mál, að þau sveitarfélög sem þurfa að takast á við afleiðingar þeirrar hagræðingar sem af töku sérstaka veiðigjaldsins hlýst fái hlutdeild í gjaldinu. Sú krafa var einnig kynnt og rökstudd í bréfi til frambjóðenda fyrir síðustu Alþingiskosningar.

Taka sérstaka veiðigjaldsins mun hafa margvísleg áhrif á sjávarútveginn og þar með sjávarbyggðir. Sú hagræðingarkrafa sem felst í töku þess mun m.a. stuðla að sameiningu fyrirtækja, draga úr krafti fyrirtækjanna til fjárfestinga og athafna innan sveitarfélaganna og störfum mun fækka í sjávarútvegi. Fækkun starfa kallar síðan á fækkun íbúa í sjávarbyggðum með þekktum afleiðingum. Sjávarbyggðir hafa undanfarna áratugi þurft að taka á sig afleiðingar hagræðingar í sjávarútvegi með mikilli fækkun starfa í sjávarútvegi, bæði vegna tækniframfara og breytinga á lagaumgjörð greinarinnar. Þannig má segja að sjávarbyggðir hafi gildið fyrir þá mikilvægu hagræðingu sem orðið hefur í greininni. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga gera því kröfu til þess að þau sveitarfélög sem háð eru veiðum og vinnslu fái hluta sérstaka veiðigjaldsins til að bregðast við atvinnubresti og breytingum af völdum þeirrar hagræðingar sem af því hlýst. Samtökin skora á Alþingi að samþykkja ákvæði um það réttlætismál samhliða breytingum á lögum.

Þá vilja samtök sjávarútvegssveitarfélaga ítreka það að sjávarbyggðir eiga mjög mikið undir því að friður ríki um atvinnugreinina og að stöðugleiki í umgjörð hennar sé sem mestur. Það er því nauðsynlegt að stjórnvöld hafi það í huga þegar lög eru sett um þessa mikilvægu atvinnugrein að samráð sé haft við sveitarfélögin og aðra þá sem eiga beinna hagsmuna að gæta.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson
starfsmaður Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga